

25. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum allt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að sá, er brotlegur verður gegn samþyktinni, skuli,

auk sekta, greiða i viðkomandi bæjarsjóð hagnað þann, er hann kann að hafa haft af brotinu.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra, eða annara, sem börnum ganga i foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er fram komið eftir beiðni bæjarstjórnar Reykjavíkur, og sem ástæða fyrir hinni æsktu breytingu er i brjefi borgarstjóra, dags. 25. mars þ. á., komist svo að orði:

»Bæjarstjórnin litur svo á, að stórkostlegt verðfall peninga síðan 1890, er lögin um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina voru gefin, [orsaki það að sektahámark, sem þá var ákveðið, sje nú eigi lengur hæfilegt, og i annan stað óskar hún að fyrir það sje girt, að hagnaður við að brjóta ákvæði lögreglusamþykktar geti jafnvel orðið meiri, en sem munar sektinni fyrir brotið«.

Það fallast verður á að sektarhámarkið sje i gildandi lögum of lágt, og að brot geti verið þannig vaxið, að sektarhámarkið, þótt 1000 kr. nemi, sje ekki nægilegt til að afstýra freistingu til brota, þótti rjett að verða við tilmælum bæjarstjórnarinnar um að leggja frumvarpið fyrir þingið að efni til eins og hún hafði farið fram á, með þeirri breytingu að eigi þykir ástæða til að láta bætur auk sekta nema meiru en einföldum hagnaði, i stað tvöfalds, sem bæjarstjórnin ætlaðist til.

Um leið þótti rjett að fella niður 2. málslíð 1. málsgreinar 5. gr., um refsingu barna, þar sem það ákvæði var ópraktískt orðið eftir að lög nr. 39, frá 16. nóvbr. 1907 komu i gildi.